



Verklagsreglur um framkvæmd móta 5.-8. flokks

Þáttökutilkynningar

- Skulu sendar út 3 vikum fyrir mót
- Senda skal út amk 1 ítrekun

Niðurröðun

- Niðurröðun skal send á HSÍ (robert@hsi.is) 14 dögum fyrir mót til yfirlestrar
- Endanlegt mót skal sent út á félögin 10 dögum fyrir upphaf þess
- Miða skal við að móti sé lokið fyrir kl.21.00 á föstudegi, 19.00 á laugardegi og 16.00 á sunnudegi.
- Leiki hjá liðum í yngstu flokkunum 7. og 8. flokki skal leika á einum degi og leitast við að hafa ekki of langt á milli leikja, þannig að viðvera í húsi hjá hverju liði fari ekki yfir ½ dag.
- Riðill sem klárast að kvöldi skal ekki hefja leik að morgni, daginn eftir.
- Spila skal á stórum velli í efstu deild eldra árs í 5.flokki.
- Deildarmóti skal raðað þannig: Í 1 deild skulu raðast þau lið sem efst eru í styrkleikaröðuninni, í 2 deild skulu raðast lið sem koma þar á eftir, í 3.deild skulu raðast lið sem koma þar á eftir og svo koll af kalli.
- 1.deild skal leikin með 5 liðum en allar aðrar deildir skulu leikast í tveim riðlum. Undantekning er þó á neðstu deild standi liðafjöldi þannig af sér.
- Fjöldi liða í deildum skal vera sem jafnastur. Mótanefnd úrskurðar um vafatriði um deildarsæti liða.
- Í hverjum riðli/deild skulu almennt vera 5 lið. Þó getur komið upp að aðeins 4 lið verði í riðlum í neðstu deildum. Þeim liðum skal þó ávallt tryggja 4 leiki.
- Niðurröðun í deildir skal vera eftirfarandi eftir styrkleikaröðun.

| 1.deild | 2.deild | |
|---------|---------|----|
| 1 | 6 | 7 |
| 2 | 9 | 8 |
| 3 | 10 | 11 |
| 4 | 13 | 12 |
| 5 | 14 | 15 |

Svo koll af kalli

Mótagjöld

- Mótagjöld fyrir tímabilið 2015 – 2016 skulu vera eftirfarandi:
 - 5. flokkur – 11.000 kr
 - 6. Flokkur – 8.000 kr
 - Vegna móta útá landi er mótagjald 12.000 kr per einstakling en 6.000 kr vegna 7.flokks.
 - 7.-8. Flokkur – 1.000 kr per iðkenda
 - Gisting kr. 1250 per nótt og morgunmatur kr.750 per morgun
- Hafi félag eigi greitt mótagjöld innan viku frá móti er mótshaldara heimilt að leggja á lögboðna dráttarvexti.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands





Úrslit

- Úrslit skulu send á HSÍ eigi síðar en degi eftir að móti lýkur. Með úrslitum skal einnig send skýrsla mótshaldara

Samantekt umsagna

- Mótanefnd sendir samantekt umsagna á félagið eigi síðar en 10 dögum frá því að því lýkur.

Leikreglur 5.flokks

- Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.
 - Óheimilt er að taka úr umferð.
 - Notkun klísturs er óheimil.
 - Ef lið sigrar leik með meiri markamun heldur en 7 mörkum skulu úrslit skráð þannig að sigurlið telst hafa unnið leik með 7 mörkum og miðast skoruð mörk við mörk fengin á sig + 7.

Leikreglur 6.flokks

- Eftirfarandi leikreglum ber að fara eftir í mótum.
 - 6 leikmenn skulu vera inná vellið í einu frá hvoru liði
 - Óheimilt er að taka úr umferð
 - Notkun klísturs er óheimil
 - Markmanni er óheimilt að fara yfir miðlínu
 - Leikið skal á mörk sem eru 170 cm á hæð
 - Þegar notast er við mörk með aukaslá skal sú regla gilda að ef bolti fer í slána og beint í mark „sláin inn“ skal dæma mark. Annars skal dæma útkast.
 - Heimilt er að notast við einn dómara á leik
 - Ef lið sigrar leik með meiri markamun heldur en 7 mörkum skulu úrslit skráð þannig að sigurlið telst hafa unnið leik með 7 mörkum og miðast skoruð mörk við mörk fengin á sig + 7.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

